



Hafnarfjarðarhöfn

Umhverfisuppgjör

2021

Hafnarfjarðarhöfn
Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfjörður
Kt. 5901695529

Yfirlit

Umhverfisuppgjör	3
Skipulags- og rekstrarmörk	4
Lykilþættir	5
Uppgjör	6
Rekstrarþættir	6
Losunarbókhald	7
Umhverfisþættir	8
Umhverfisstjórnun	9
Aðferðafræði	10
Skilgreiningar	11
Skýringar	12

Umhverfisuppgjör

Verkefnastjóri: Selja Ósk Snorradóttir

Umhverfisuppgjör Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Klappir hafa aðstoðað við gerð umhverfisuppgjörsins, sem byggist á þeim upplýsingum sem Klappir hugbúnaðurinn hefur safnað saman yfir árið.

Umhverfisuppgjörin hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti Hafnarfjarðarhafnar. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar: Viðeigandi, nákvæmni, heilleiki, samræmi og gagnsæi.

Gögn Hafnarfjarðarhafnar eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund og nákvæmstu upplýsingum hverju sinni. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

9. júní, 2022, Reykjavík



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
forstjóri, Klappir

Skipulags- og rekstrarmörk

Um Hafnarfjarðarhöfn

Hafnarfjarðarhöfn er samkvæmt heimildum ein elsta höfn landsins. Hafnarfjarðar er meðal annars getið í landnámu sem góðrar hafnar og skipalægis frá náttúrunnar hendi.

Skipulagsmörk

Við gerð uppgjors Hafnarfjarðarhafnar hefur „Operational Control“ aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Undir uppgjör Hafnarfjarðarhafnar fellur rekstur eftirfarandi lögaðila:

- Hafnarfjarðarhöfn

Rekstrarmörk

Umfang 1

Eldsneytisnotkun farartækja
Staðbundin eldssneytisnotkun

Umfang 2

Raforkunotkun
Hitaveita

Umfang 3

3.3. Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á keyptu eldsneyti; Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti notuðu í framleiðslu rafmagns, gufu, hitunar og kælingar; Flutnings- og dreifingartap orku; Framleiðsla á keyptri orku sem er áframseld til endanotenda.

3.5. Úrgangur frá rekstri

Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri.

3.6. Viðskiptaferðir

Flugferðir flognar á árinu.

Lykilþættir

Kolefnisuppgjör: Losun Hafnarfjarðarhafnar nam 101,1 tonni koltvísýringsígilda. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 57,8 tCO₂í. Sé litið til þeirra losunarpátta sem mældir voru bæði árin 2020 og 2021, hefur losun Hafnarfjarðarhafnar lækkað um 29% á milli ára.

Orkunotkun: Heildarorkunotkun Hafnarfjarðarhafnar nam 797.006 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 592.671 kWh.

Lykilmælikvarðar: Losun per skipakomu hefur lækkað um 33% á milli ára.

Helstu losunarbættir: Stærsti losunarpáttur Hafnarfjarðarhafnar árið 2021 var losun vegna eldsneytisnotkunar bifreiða og hafnsögubáta.

Viðbætur frá síðasta uppgjöri: Hafnarfjarðarhöfn náði utan um losun vegna vinnslu, flutnings- og dreifitaps orku í fyrsta skipti á þessu ári.

Mótvægisáðgerðir: Hafnarfjarðarhöfn fjárfesti í mótvægisáðgerðum með skógrækt á vegum Kolviðar. Kolefnisbinding Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2021 nemur 101,1 tCO₂í, og mun fara fram með gróðursetningu 1011 trjáa.

Uppgjör

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Eining	2020	2021
Heildartekjur	m. ISK	683,01	755,72
Eignir alls	m. ISK	3.575,7	3.666,0
Eigið fé alls	m. ISK	3.064,7	3.263,3
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	13,0	14,0
Skipakomur	fjöldi	364,0	440,0

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2020	2021
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ /MWst	129,38	126,86
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ /stöðug	9.562,7	7.222,1
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ /milljón	182,01	133,79
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO ₂ /milljón	40,56	30,98
Losunarkræfni skipakoma	kgCO ₂ /fjöldi	341,5	229,8

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkukræfni	Eining	2020	2021
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugild	73.911,0	56.929,0
Orkukræfni tekna	kWst/milljón	1.406,8	1.054,6

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Úrgangskræfni	Eining	2020	2021
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	10.411,8	5.032,9
Úrgangskræfni tekna	kg/milljón ISK	198,2	93,2

Losunarbókhald

Mótvægisáðgerðir	Eining	2020	2021
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	71,3	101,1
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂ í	71,3	101,1
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO ₂ í	0,0	0,0
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	0,0	0,0

Gróðurhúsalofttegundir	Eining	2020	2021
Umfang 1	tCO ₂ í	77,9 [1]	51,9
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	6,5	5,9
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	84,4	57,8
Umfang 3	tCO ₂ í	40,0	43,3
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO ₂ í	124,3	101,1

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Umfang 1 - Samsetning losunar	Eining	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ í	77,9	51,9
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	65,1	35,5

Umfang 2 - Samsetning losunar	Eining	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ í	6,5	5,9
Rafmagn	tCO ₂ í	4,3	4,4
Hitaveita	tCO ₂ í	2,1	1,6

Umfang 3 - Losun á fyrri stigum	Eining	2020	2021
<i>Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi</i>			
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í		12,3
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í		0,0
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í		0,7
Framleiðsla á áframseldri raforku	tCO ₂ í	23,4	24,8
Heildarlosun	tCO ₂ í	23,4	37,7
<i>Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri</i>			
Heildarlosun	tCO ₂ í	16,5	4,5
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	16,5	4,5
<i>Flokkur 6: Viðskiptaferðir</i>			
Heildarlosun	tCO ₂ í		1,1
Flugferðir	tCO ₂ í		1,1

Umhverfispættir

Orkunotkun	Eining	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	960.842	797.006
Jarðefnaeldsneyti	kWst	308.036	204.335
Rafmagn	kWst	413.786	416.113
Hitaveita	kWst	239.020	176.558
Bein orkunotkun	kWst	308.036	204.335
Óbein orkunotkun	kWst	652.807	592.671
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management			

Orkusamsetning	Eining	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	960.842	797.006
Jarðefnaeldsneyti	%	32,1%	25,6%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	67,9%	74,4%
Kjarnorka	%	0,0%	0,0%
Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management			

Eldsneytisnotkun	Eining	2020	2021
Heildareldsneytisnotkun	kg	25.929	17.200
Bensín	kg	12	
Díselolía	kg	25.917	17.200

Vatnsnotkun	Eining	2020	2021
Heildarvatnsnotkun	m ³	4.121,0	3.044,1
Heitt vatn	m ³	4.121,0	3.044,1
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management			

Samsetning raforku	Eining	2020	2021
Heildarnotkun raforku	kWst	413.786	416.113
Jarðefnaeldsneyti	%	0,0%	0,0%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	100,0%	100,0%
Kjarnorka	%	0,0%	0,0%

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2020	2021
Heildarmagn úrgangs	kg	135.354	70.460
Flokkaður úrgangur	kg	109.444	53.210
Óflokkaður úrgangur	kg	25.910	17.250
Endurunnin úrgangur	kg	50.988	48.608
Úrgangi fargað	kg	84.366	21.852
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	80,9%	75,5%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	37,7%	69,0%

Viðskiptaferðir	Eining	2020	2021
Heildarvegalegd	km	0,0	12.636,0
Flugferðir	km	0,0	12.636,0

Umhverfisstjórnun

Umhverfisstærsemi	Eining	2020	2021
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já [2]
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já [3]
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei
Nasdaq: E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management			

Loflagseftirlit	Eining	2020	2021
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei
Nasdaq: E8, E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A/B)			

Mildun loftlagsáhættu	Eining	2020	2021
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK	30,00	94,86
Nasdaq: E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)			

Aðferðafræði

Við útreikninga er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri.

Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun:

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Hafnarfjarðarhafnar.

Koltvísýringsgildi

Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO_2i). Koltvísýringsgildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan (CH_4) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N_2O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum. Uppgjörð tekur því tillit til allra gróðurhúsalofttegunda og er losun birt í tonnum CO_2 ígilda.

Skilgreiningar

Losunarkræfni

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂í á einingu (svo sem tCO₂í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Bein og óbein orkunotkun

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

Orkukræfni

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Úrgangskræfni

Úrgangskræfni reiknast sem heildarmagn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsmann í fullu stöðugildi).

Umfang 2 (landsnet)

Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð útfra meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

Eldsneytis- og orkutengd starfsemi

Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti og orku keyptu af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki telst til umfangs 1 og 2, þar á með:

- Háefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á keyptu eldsneyti
- Háefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti notuðu í framleiðslu rafmagns, gufu, hitunar og kælingar
- Flutnings- og dreifingartap orku
- Framleiðsla á keyptri orku sem er áframseld til endanotenda.

Úrgangur frá rekstri

Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils.

Viðskiptaferðir

Ferðir starfsmanna vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils.

Skýringar

- [1] Tölur ársins 2020 voru uppfærðar út frá bættum upplýsingum um eldsneytisnotkun hafnarinnar og því hækkar losun frá síðasta uppgjöri.
- [2] Hafnarstjórn hefur samþykkt sérstaka umhverfisstefnu ásamt aðgerðaráætlun þar sem tekið er á öllum lykilþáttum er lúta að umhverfi og umhirðu á hafnarsvæðinu. Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarhafnar má finna hér:
<https://www.hafnarfjardarhofn.is/static/files/Skjol/umhverfisstefna-og-adgerdaraetlun-samthykt-i-hfstj.-13.-des-2019.pdf>
- [3] Sem hluti af umhverfisstefnu:
<https://www.hafnarfjardarhofn.is/static/files/Skjol/umhverfisstefnaog-adgerdaraetlun-samthykt-i-hfstj.-13.-des-2019.pdf>